



Skeljungur: Árshlutauppgjör - annar ársfjórðungur 2017

Hagnaður eykst um 12,9% á öðrum ársfjórðungi, samanborið við sama tímabil árið 2016.

Helstu niðurstöður annars ársfjórðungs 2017

- Hagnaður á hlut var 0,22 en var 0,17 á sama tímabili í fyrra.
- Framlegð nam 1.945 m.kr. og lækkar um 4,4% frá öðrum ársfjórðungi 2016.
- Rekstrarkostnaður lækkar um 149 m.kr. milli ára eða um 12%
- EBITDA hagnaður nam 876 m.kr. sem er 4,7% aukning frá sama tímabili ársins 2016.
- EBITDA framlegð var 45,0% miðað við 41,1% á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður eftir skatta nam 473 m.kr. samanborið við 418 m.kr. sem er 12,9% aukning á milli ára.
- Eigið fé þann 30.6. nam 7.781 m.kr. og eiginfjárhlutfall var 37,2% í ársfjórðungslök.
- Meðalgengi dönsku krónunnar var 15,5 íslenskar krónur, sem er 17,5% lækkun frá sama tímabili árið 2016.

Helstu niðurstöður fyrri árshelmings 2017

- Hagnaður á hlut var 0,34 en var 0,23 á sama tímabili í fyrra.
- EBITDA hagnaður nam 1.503 m.kr. sem er 5,3% aukning frá fyrri helmingi ársins 2016.
- EBITDA framlegð var 41,7% miðað við 38,7% á sama tímabili í fyrra.
- Rekstrarkostnaðarhlutfall var 59,7% samanborið við 63,2%.
- Hagnaður tímabilsins 728 m.kr. og eykst um 10,4% á milli ára.
- Uppreiknuð arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 20,5% samanborið við 17,7% yfir sama tímabil árið 2016.
- Meðalgengi dönsku krónunnar var 15,8 íslenskar krónur, sem er 16,5% lækkun frá sama tímabili árið 2016.

Lykiltölur

	Q2 2017	Q2 2016	Var%	1H 2017	1H 2016	Var%
Framlegð	1.945	2.034	-4,4%	3.605	3.684	-2,1%
EBITDA	876	837	4,7%	1.503	1.427	5,3%
EBIT	687	666	3,2%	1.124	1.078	4,3%
Hagnaður	473	418	12,9%	728	659	10,4%
Launakostn./framlegð	26,7%	27,5%		27,6%	29,0%	
Sölu og dreif.kostn./framlegð	22,1%	25,3%		24,1%	26,0%	

Rekstrarkostnaður/framlegð	56,3%	61,2%	59,7%	63,2%
Arðsemi eigin fjár			20,5%	17,7%

Horfur fyrir árið 2017

Í afkomuspá félagsins er gert ráð fyrir stöðugu gengi gjaldmiðla og stöðugu olíuverði. Breytingar á gengi íslensku krónunnar munu áfram hafa áhrif á rekstrarniðurstöður félagsins, sér í lagi gagnvart dönsku krónunni, vegna erlends hluta starfseminnar.

Áður birt áætlun gerði ráð fyrir að EBITDA ársins yrði á bilinu 2.400-2.700 og að fjárfestingar yrðu á bilinu 750-850 m.kr. Þar sem afkoma félagsins hefur verið góð það sem af er ári og þar sem lengra er liðið á árið þá hefur félagið ákveðið að breyta afkomuspánni í EBITDA 2.550 - 2.750 m.kr. Ekki eru gerðar neinar breytingar á áætlunum um fjárfestingar ársins og bilið því áfram 750-850 m.kr.

Árshlutareikningur annars ársfjórðungs 2017

Árshlutareikningur Skeljungs hf. fyrir annan ársfjórðung 2017 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 28. ágúst 2017.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Valgeir M. Baldursson, forstjóri Skeljungs:

"Annar fjórðungur ársins var róstudur, með kraftmikilli innkomu Costco á markaðinn, samrunaþreifingum markaðsaðila og töluverðum sveiflum á olíuverði og íslensku krónunni. Áframhaldandi aukning hefur verið í seldum lítrum og er niðurstaða ársfjórðungsins góð. Báðar rekstrareiningar eru að bæta sig á milli tímabilla en styrking íslensku krónunnar hefur áhrif á færeyska hlutanum. Endurfjármögnunin, sem lauk í lok fyrsta ársfjórðungs, skilar sér í umtalsverðri lækkun vaxtakostnaðar á fjórðungnum, auk þess sem rekstrarkostnaður félagsins er að lækka þrátt fyrir kjarasamningshækkunir sem og almennar kostnaðarhækkunir."

Kynningarfundur

Opinn kynningarfundur vegna annars árshlutauppgjör félagsins verður haldinn á Nordica Hilton Reykjavík, fundarsal D, þriðjudaginn 29. ágúst 2017. Fundurinn hefst kl. 08:30 en boðið verður upp á léttar veitingar frá kl. 08:15. Þar munu stjórnendur félagsins fara yfir uppgjör og horfur.

Allt efni fundarins verður gert aðgengilegt fjárfestum á heimasíðu Skeljungs, www.skeljungur.is/fjarfestar, sem og á fréttasíðu Nasdaq Iceland.

Fjárhagsdagatal 2017

Uppgjör 3F 2017 - 30. október 2017

Nánari upplýsingar veitir Valgeir M. Baldursson, forstjóri, s: 840-3022, tölvupóstfang: fjarfestar@skeljungur.is.

Viðhengi:
[Árshlutareikningur Q2 2017.pdf](#)

This news release was distributed by Company News System, www.globenewswire.com – a Nasdaq company